



Leikskólinn Vallarsel

Skóla- og frístundasvið Akraneskaupstaðar

Hlutverk

Hlutverk skóla á Akranesi er að skapa skilyrði fyrir nemendur þannig að þeir nái að nýta hæfileika sína, efla sjálfstæði sitt og þroska með sér góð samskipti við samferðamenn.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla.....	3
Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:.....	3
Skólaárið 2024-2025	4
Jákvæður agi.....	4
Invest in play	4
Skipulagsdagar skólaárið 2024-2025 voru eftirfarandi	5
Skólaárið 2025-2026.	6
Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	6
Umbótaáætlun	6
Aðrar upplýsingar.....	7
Foreldrasamvinna	8
Samstarf leik- og grunnskóla.....	8
Samstarf leikskólastjóra	8
Samstarf sérkennslustjóra	8
Samstarf leikskólanna	8
Heimsóknir á milli skóla	9
Starfsmannamál	9
Starfsþróunarsamtöl	9
Áherslur í starfi leikskólans	9
Áherslur leikskólans næsta starfsárs	9
Áætlaðir skipulagsdagar skólaársins 2025-2026.....	10
Áætlun um símenntun skólaárið 2024-2025.....	10
Að lokum	11

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá þeirra og í henni er fjallað um árlega starfsemi, birt skóladagatal og aðrar hagnýtar upplýsingar koma fyrir.

Foreldraráð veitir áætluninni umsögn áður en skóla- og frístundaráð taka hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Megintilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Áætlunin er vinnuskjal og á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári.

Henni er jafnframt ætlað að greina frá hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá
- Niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðum og áætlun sett fram um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Akraneskaupstaðar.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal

Starfsáætlun tekur gildi 1. september ár hvert og skilað rafrænt til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs fyrir 1. ágúst ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

Skólaárið 2024-2025

Undanfarið ár hafa verið töluverðar framkvæmdir innanhúss í Vallarseli og hefur það haft mikil áhrif á starfsemi leikskólans en nú sér fyrir endann á þeim og verður að segjast að vel hafi tekist til. Akraneskaupsstaður hefur gengið lengra í viðgerðum en skýrsla Verkís gerði ráð fyrir. Það helgast líklega af því að ekki hefur verið ráðist í neinar viðgerðir eða meiriháttar framkvæmdir innanhúss síðan 2004 þegar viðbygging var byggð við eldra húsnæðið.

Jákvæður agi

Í upphafi skólaársins 2025 var hafin innleiðing á Jákvæðum aga. Allir starfsmenn hafa settið námskeið og fengið fræðslu um hugmyndafræði Jákvæðs aga. Framundan er svo frekari vinna, uppsetning aðgerðaáætlunar, áframhaldandi fræðsla og uppsetning námsefni og umhverfi barnanna. Hér má lesa um Jákvæðan aga og fyrir hvað hugmyndafræðin stendur fyrir. <https://jakvaeduragi.is/hugmyndafrædin/>

Invest in play

Leikskólinn tekur þátt í verkefni sem heitir Invest in play en markmið verkefnisins er að valdefla foreldra og forsjáraðila og styðja við farsæld barna með námskeiðum og fræðslu innan leik- og grunnskóla. Verkefnið er hluti af því að efla grunnþjónustu fjölskyldna í samræmi við ný farsældarlög og telst til forvarnarverkefna sem er í boði fyrir alla uppalendur. Verkefnið nýtir menningarnæmt námsefni, Tengjumst í leik (e. Invest in Play), sem byggir á rannsóknum og gagnreyndum aðferðum. Upplifun foreldra og forsjáraðila, bæði hérlandis og erlendis, sýnir að með þátttöku í námskeiðinu hafa þau öðlast aukið sjálfstraust í uppeldishlutverkinu, upplifað minni streitu – bæði persónulega og innan fjölskyldunnar – og hegðunarvandi barna dregist saman. Einnig hefur samskipti og samstarf við leik- eða grunnskóla barna þeirra eflst. Fylgst er með upplifun og reynslu þátttakenda með rannsókn sem Háskóli Íslands leiðir samhliða innleiðingarfasa verkefnisins.

„Tengjumst í leik“ hefur verið þýtt og aðlagð að íslenskum aðstæðum samkvæmt samningi við Invest in Play, og er verkefnið hluti af alþjóðlegu innleiðingar- og rannsóknarsamstarfi. Námskeið fyrir foreldra hafa verið haldið tvisvar sinnum á þessu skólaári og er árangur verkefnisins sýnilegur og áþreifanlegur.

Á skólaárinu var áfram unnið með að þróa fjölmeninguna, Lubba, TRAS og MÍÓ Skimunarefnið. Við höfum aðeins breytt um stefnu er varðar vináttuverkefni Barnaheilla með Blæ. Við teljum að með innleiðingu jákvæðs aga og hvað það felur í sér, þá náum við að sinna vináttu og virðingu meðal barnanna.

Brúum bilið samstarfið hélt áfram og fór elsti árgangurinn í skólaheimsóknir að hausti og vori í Brekkubæjarskóla og Grundarskóla.

Aðlögun fór fram á tveimur deildum að hausti. Aldur barnanna í aðlögun fer alltaf lækkandi og í ár voru tekin inn börn sem eru fædd allt að júní 2023 sem gerir það að verkum að börn allt að fjórtán mánaða eru komin með leikskólavistun.

Starfsmannamál voru í ágætis jafnvægi og starfsmannahópurinn hefur yngst töluvert og mikil endurnýjun hefur átt sér stað. Fjarverur vegna veikinda og styttingar vinnuvikunnar tóku mikinn toll af starfseminni síðastliðinn vetur.

Stjórnendateymi leikskólans breyttist ekki mikið á skólaárinu 2024-2025.

Vilborg Valgeirsdóttir og Krístrún Matthíasdóttir voru áfram í sínum störfum sem leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Siggeirður Sigurðardóttir hélt áfram sínu starfi sem sérkennslustjóri.

Salbjörg Ósk Reynisdóttir var deildarstjóri á Lundi (elsta deild-börn fædd 2019)

Ríkka Emilia Böðvarsdóttir var deildarstjóri á Hnúki. Á Hnúki voru börn fædd 2020-2021)

Sylvía Hera Skúladóttir var deildarstjóri á Stekk með árgang 2020

Kristjana Jóhannsdóttir var deildarstjóri á Skarði með börn fædd 2022-2023

Sunna Kristín Gunnlaugsdóttir var deildarstjóri á Jaðar með börn fædd 2023

Hrefna Ingólfssdóttir var deildarstjóri á Völlum með árgang 2022

Skipulagsdagar skólaárið 2024-2025 voru eftirfarandi

- 18.september 2024
- 18.nóvember 2024

- 2.janúar 2025
- 20.febrúar 2025
- 22.apríl 2025

Skólaárið 2025-2026.

Framkvæmdum við leikskólann lauk á þessu skólaárið en framkvæmdatíminn náði um það bil þremur árum. Mikið hefur verið gert og leikskólinn er á ágætum stað á ýmsum stöðum en það eru engu að síður nokkur verkefni eftir og þá sérstaklega innanhúss sem lúta að aðbúnaði barna og starfsfólks. Þetta eru fyrst og fremst verkefni sem snúa að rými og hljóðvist barna sem og aðbúnaður starfsmanna. Það er ósk okkar allra að hægt verði að halda áfram að lagfæra og koma leikskólanum á þann stað að allir geti unað vel við sitt.

Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

Markmið leikskólans er m.a. að leggja faglegan grunn að umbótum í skólastarfinu til að auka gæði og skilvirkni í uppeldi og menntun barna og uppbygging jákvæðs skólabrags nái til allra hagsmunahópa innan skólans.

Skólinn hefur sett sér eftirfarandi áætlun um innra mat þar sem viðfangsefnum er skipt niður á skólaárið.

Umbótaáætlun

Hverjir	Hvað	Hvernig	Hvenær	Hver ber ábyrgð
Leikskólastjóri	Skólapúlsinn	Könnun senda á foreldra	Annað hvort ár.	Sviðstjóri MM og leikskólastjóri
Deildarstjórar	Námsáætlanir	Sett á heimasíðu	Í hverjum mánuði/annan hvorn mánuð	Deildarstjó-leiksktj
Elsti árgangur Börn sem hafa náð viðmiðunarlíni	Hljóm MÍÓ-TRAS	Skimunarlistar lagðir fyrir	Hljóm-október Aðrir listar þegar börn hafa náð aldri	Sérkennslustjóri ásamt deildarstjórum
Foreldrar barna sem voru að	Viðhorfakönnun-foreldrar yngstu barna	Könnun á viðhorfum	Október-Nóvember	Leikskólastjóri

Starfsáætlun 2025-2026

byrja á leikskólanum		foreldra send út í FORMS		
Öll börn í leikskólanum	Foreldraviðtöl-símaviðtöl	Símtöl við foreldra	Október	Deildarstjórar
Börn með annað móðurmál	Foreldraviðtöl-túlkar	Viðtöl við foreldra ásamt túlki	Október	Deildarstjórar og sérkennslustjóri
Allir starfsmenn	Starfsmannasamtöl	Starfsmenn svara fyrirfram gefnum spurningu-kallaðir í viðtöl	Nóvember	Leikskólastjórn
Almennir starfsmenn	Leiðbeiningarsamtöl	Deildarstjórar fara yfir líðan og færni starfsmanna	Nóvember-desember	Deildastjórar ásamt leikskólastjóra
Öll börn í leikskólanum	Foreldraviðtöl-vor Þroskamat lagt fram	Viðtöl um þroska barnanna	Febrúar/Mars	Deildarstjórar+sérkennslustjóri
Börn í elsta árangri leikskólans	Líðankönnun elsti árgangur	Myndrænt – samtal barns og leikskólakennara	Apríl-Maí	Deildarstjóri viðkomandi deildar
Allir starfsmenn leikskólans	Starfsmannasamtöl	Starfsmenn svara fyrirfram gefnum spurningu-kallaðir í viðtöl	Mars-Apríl	Leikskólastjórn
Sérkennsla	Hvernig er sérkennslutímum varið Niðurstöður úr Hljóm	Samtöl/rýnisamtöl með sérkennsluteymi	Okt./nóv. og feb. / mars	Sérkennslustjóri
Símat og endurskoðun skólanámskrá-námskrám og áætltnir	Mat á skipulögðu starfi skólaársins	Lestur og yfirferð gagnanna sem liggja fyrir Rýnt til gagns	Í upphafi og loka hvers skólaárs	Leikskólastjóri Deildarstjórar

Aðrar upplýsingar

Barnahópurinn 1. júní

- Fjöldi barna í leikskólanum - 131
- Kynjahlutfall - 51 stúlkur og 80 drengir
- Dvalarstundir – 1397,39
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu - 10
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku - 24
- Fjöldi tungumála - 7

Foreldrasamvinna

Leiðarljós leikskólans eru að hafa jákvæð og hlýleg dagleg samskipti og gott upplýsingastreymi, þar sem velferð barnsins og samvinna um það á öllum sviðum sé ávallt í fyrirrúmi.

Í Vallarseli er hugsað mjög vel um að tryggja foreldrum, sem þess þurfa, túlk fyrir viðtöl sem það þurfa.

Samstarf leik- og grunnskóla

Brúum bilið

Tilgangurinn með verkefninu er:

- Að skapa samfellu í námi barna / nemenda á þessum tveimur skólastigum.
- Að byggja upp gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara á báðum skólastigum.
- Að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.

Vallarsel tekur þátt í verkefninu Brúum bilið – samstarf leikskóla og grunnskóla á Akranesi. Starfið hefur verið með formlegum hætti frá árinu 1996 og hefur tekið litlum breytingum og hefur lítið þróast á þessu 29 árum. Samantekt á þessu samstarfi undanfarið sýnir að litlar framfarir hafa orðið og samstarfið að mestu byggst á því hvað leikskólinn leggur fram en ekki öfugt.

Samstarf leikskólastjóra

Náin samvinna er á milli skóla- og frístundasviðs og leikskólans. Samráðsfundir skólastjóra allra leikskóla Akraness og sviðsstjóra sviðsins eru einu sinni í mánuði og oftast ef á þarf að halda. Þá hittast skólastjórar mjög reglulega og eiga með sér samráð á öðrum tímum.

Samstarf sérkennslustjóra

Það sama má segja um sérkennslustjóra, þeir eiga með sér reglulegt samráð yfir skólaárið og við sérfræðingateymi skólaskrifstofu.

Samstarf leikskólanna

Árgangamót leikskólanna er fastur liður í starfinu og byggist á því að þá hittast

tveir árgangar í leikskólunum og eyða deginum saman. Dagskrá er skipulögð af „gestgjöfunum“ sem eru tveir leikskólar til skiptist. Þeir setja út dagskrá fyrir hvern árgang fyrir sig.

Heimsóknir á milli skóla

Leikskólarnir eru duglegir að fara á milli og heimsækja aðrar stofnanir. Það er skemmtilegt verkefni að fara í garðinn hjá öðrum leikskólum og hitta önnur börn á öðrum leikskólunum.

Starfsmannamál

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennarar	13	11,55	Leikskólakennaramenntun
Annað háskólapróf	4	4,0	B .A uppl og bókasafnsfræði, Þroskaþjálfafraði, Atferlisþjálfun
Starfsmenn leikskóla	20	17,65	Ýmis menntun
Matráður	1	1,0	Grunnskólamenntun
Aðstoðarfólk í eldhús	1	1,0	Grunnskólamenntun

Starfsþróunarsamtöl

Tvisvar á ári eru starfsmannasamtöl. Misjafnt er hvernig og hvar þau eru tekin. Þá er einnig misjafnt hvernig þau eru lögð fyrir starfsmenn. Leiðirnar sem hafa verið farnar eru meðal annars að leggja fyrir starfsmenn könnun með fyrirfram ákveðnum spurningum en einnig svokölluð spjall-viðtöl þar sem líðan og hæfni starfsmanna er rædd á léttum nótum.

Áherslur í starfi leikskólans

Áherslur leikskólans næsta starfsárs

Á skólaárinu 2025-2026 verður áfram unnið með svipuðum hætti og áður. Í upphafi skólaársins 2024-2025 var hafin innleiðing á Jákvæðum aga sem við höldum áfram að innleiða inn í skólaárið 2025-2026. Allir starfsmenn hafa setið námskeið og fengið fræðslu

um hugmyndafræði Jákvæðs aga. Framundan er svo frekari vinna, uppsetning aðgerðaáætlunar, áframhaldandi fræðsla og uppsetning námsefni og umhverfi barnanna.

Unnið verður áfram með tónlistina sem okkar áhersluatriði ásamt því að vinna áfram með MÍÓ, TRAS, Gefðu 10 og sérstök áhersla verður lögð á eflingu málþroska og þá sérstaklega eflingu orðaforða. Við ætlum að leggja Vináttuverkefni Barnaheilla til hliðar um stund á meðan innleiðum jákvæðan daga. Við ætlum að skoða hvort og þá hvenær við munum taka það námsefni upp aftur.

Áætlaðir skipulagsdagar skólaársins 2025-2026.

- 22.september 2025
- 19.nóvember 2025
- 2.janúar 2026
- 19.febrúar 2026
- 7.apríl 2026

Áætlun um símenntun skólaárið 2024-2025

Eftirfarandi dagar verða nýttir fyrir starfsþróun og endurmenntunar

- Starfsmannafundur 20.ágúst 2025

Grunnurinn lagður fyrir veturinn-Áherslur vetrarins-tónlistin og íslensku kennsla, teymisvinna og hagnýt atriði

- Skipulagsdagur 22.september 2025. Dagurinn nýttur til innleiðinga Jákvæðs aga með starfsmönnum leikskólans. Matráðar nýttu daginn til samráðs með öðrum matráðum leikskóla Akranesskaupsstaðar.
- Starfsmannafundur 15.október 2025-Unnið áfram með Jákvæðan aga, innleiðing á deildar, orðalag-fyrirkomulag og framhald
- Skipulagsdagur 19.nóvember 2025. ÍSAT kennsla-sameiginlegur fundur með starfsmönnum leikskóla Akranesskaupsstaðar
- Skipulagsdagur 2.janúar 2026. Skyndihjálpar námskeið-Vitinn, annað námskeið af eigin vali á Vitanum- KVAN-Kynslóðabil á vinnustaðnum,.
- Skipulagsdagur 19.febrúar 2026.- Dagskrá óákveðin
- Skipulagsdagur 7.apríl- Jákvæður agi-Jónína Hauksdóttir heldur áfram með innleiðing Jákvæðs aga.

Að lokum

Stytting vinnuvikunnar var, er og verður mikil áskorun. Með tilraunaverkefni Akraneskaupsstaðar-skráningardagar hefur sveitarfélagið lagt mikið af mörkum til að koma til móts við styttingu vinnuviku starfsmanna og skapað skólaumhverfi líkt því sem gerist í grunnskólunum. Þetta fyrirkomulag felur það í sér að foreldrar skrá börn sín sérstaklega ef þeir hyggjast nýta sér leikskóladvöl á skilgreindum skráningardögum og fá gjaldfellingu á leikskólagjöldum. Leikskólarnir(safnskólar) verða opnir öllum þeim sem þurfa á að halda og starfsemin sniðin að fjölda barna. Þannig er hægt að skipuleggja leikskólastarfið fyrir fram.

Skráningardagarnir eru 10 á starfsárinu 2025-2026; í vetrarfrí grunnskólanna í október (tveir dagar), í kringum jól og áramót (þrír dagar), í vetrarfrí grunnskólanna í febrúar (tveir dagar) og í Dymbilviku (þrír dagar)

Framundan er skemmtilegt og krefjandi vetur þar sem við höldum áfram að vinna með tónlistina og jákvæðan aga-innleiðingin heldur áfram. Þá mun leikskólinn halda áfram með verkefni Invest in play.

Akranesi 01.11.2025

Vilborg Guðný Valgeirsdóttir leikskólastjóri